



430. fundur Þingvallanefndar

Fyrsti fundur nýskipaðrar Þingvallanefndar var haldinn á skrifstofu þjóðgarðsins í Austurstræti 12 mánudaginn 29. maí 2017 kl. 11.00.

Fundinn sóttu Vilhjálmur Árnason formaður, Theodóra Þorsteinsdóttir varaformaður, Andrés Ingi Jónsson, Hanna Katrín Friðriksson og Páll Magnússon.

Einnig sátu fundinn Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, Lilja Jónasdóttir lögfræðingur hjá Lex, Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Þingvallanefnd skipa sjö aðalmenn, þeir eru Vilhjálmur Árnason, Andrés Ingi Jónsson, Páll Magnússon, Einar Brynjólfsson, Hanna Katrín Friðriksson, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Theodóra Þorsteinsdóttir.

Formaður setti fund og bauð nefndarmenn ásamt fundargestum velkomna til fundarins.

Þjóðgarðsvörður kynnti starfsemi þjóðgarðsins á Þingvöllum en þar fer fram umfangsmikil starfsemi. Aðsókn ferðamanna hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og starfsemi að sama skapi vaxið ört.

1. Lagning rafstrengs vegna starfsemi við Efri Velli og að þingplani við Kastala og neðan Öxarárfoss.

Það er mat starfsfólks þjóðgarðsins að mikil þörf sé á því að fá þriggja fasa rafmagn í þjóðgarðinn. Upplýst var að ekkert rafmagn er í þinghelginni og einnig væri ekkert rafmagn á tjaldsvæði í garðinum. RARIK hefur af þessu tilefni, lagt fram tillögu að lagningu nýs rafstrengs innan þjóðgarðsins, Var tillagan kynnt og rædd.

Málið verður lagt fyrir næsta fund nefndarinnar til endanlegrar ákvörðunar.

2. Málefni sumarhúsa og erindi;

Erindi:

Efristígur 12

Af hálfu lóðarleiguhafa var oskað eftir því að Þingvallanefnd félli frá forkaupsrétti sínum og heimilaði framsal á lóðarleiguréttindum. Var það samþykkt.

Valhallarstígur nyðri nr. 10.

Af hálfu lóðarleiguhafa var óskað eftir því að Þingvallanefnd félli frá forkaupsrétti sínum og heimilaði framsal á lóðarleiguréttindum. Var það samþykkt af meiri hluta nefndarinnar. Einn nefndarmaður sat hjá.

Neðristígur 10

Lagt var fram erindi lóðarleiguhafa varðandi möguleg kaup Þingvallanefndar á sumarhúsi þeirra. Afgreiðslu erindisins var frestað til næsta fundar.

3. Vegagerðin.

Rætt var um endurbætur á veginum í gegnum þjóðgarðinn frá þjónustumiðstöð á Leirum austur á Gjábakkasvæðið.

Var umræðu frestað.

Ákveðið að halda næsta fund Þingvallanefndar á Þingvöllum föstudaginn 2. júní.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 12:25